

**M-65/2010 Álit 29. júní 2010**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. júní 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-65/2010:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 10. maí sl. bað A um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á leikjätölvu hjá B. Álitsbeiðandi segir að auglýst hafi verið að í tækið væri hægt að láta annað stýrikerfi (Other OS) en þessi möguleiki hafi verið fjarlægður úr tækinu. Krefst álitsbeiðandi þess að fá að skila tækinu til seljanda og fá kaupverðið endurgreitt.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 11. maí sl., óskaði kæruneftndin eftir frekari upplýsingum frá álitsbeiðanda og fékk svar við því bréfi 20. maí. Með bréfi, dags. 25. maí, gaf kæruneftndin B kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 4. júní. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 10. júní sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt leikjätölvu hjá B. Ekki kemur fram hvenær kaupin voru gerð eða hvert kaupverðið var. Álitsbeiðandi segir að auglýst hafi verið að hægt væri að setja annað stýrikerfi í tækið en þegar til hafi átt að taka hafi það ekki verið hægt. Í gögnum sem álitsbeiðandi sendi kæruneftndinni segir m.a. eftirfarandi:

„The next system software update for the system will be released on April 1, 2010 (JST), and will disable the “Install Other OS” feature that was available on the PS3 systems prior to the slimmer models, launched in September 2009. This feature enabled users to install an operating system, but due to security concerns, Sony Computer Entertainment will remove the functionality through the 3.21 system software update.“

Þá segir álitsbeiðandi eftirfarandi í svarbréfi sínu frá 20. maí:

„Það sem Other OS gerir er það að það leyfir þér að setja upp annað stýrikerfi í playstation vélina til að gera aðra hluti. Þegar uppfærslan kom út þá gat ég ekki farið á netið né horft á nýjar blu-ray myndir sem komu út eða uppfært neitt af tölvuleikjunum sem ég á fyrir tölvuna með þessari uppfærslu til að geta notað tölvuna en þá breyttist notagildi vélarinnar töluvert frá því að ég keypti hana upprunalega.“

Álitsbeiðandi kveðst hafa kvartað við seljanda 16. apríl sl. og hafi kvörtun hans verið hafnað 20. apríl.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki notfært sér þann kost að andmæla kröfu álitsbeiðanda og skýra sjónarmið sín. Verður kæruneftndin að því er atvik málsins varðar að byggja niðurstöðu sína á því sem kemur fram í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um það hvaða eiginleika söluhlutur eigi að hafa leiði ekki annað af samningi og segir m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 telst söluhlutur gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem lýst er í 15. gr. laganna.

Kæruneftndin verður að byggja niðurstöðu sína á því sem fram kemur í beiðni álitsbeiðanda að auglýst hafi verið að hægt væri að láta annað stýrikerfi (Other OS) í þá leikjatölvu sem hann keypti, en seljandi hefur ekki notfært sér það tækifæri sem honum var gefið til þess að mótmæla því. Einnig verður nefndin að byggja á því að í ljós hafi komið að það hafi ekki verið hægt. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að tækið hafi ekki haft þá eiginleika sem álitsbeiðandi mátti vænta að það hefði, sbr. b-lið 1. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003, sem rakin er hér að framan og hafi því verið gallað í skilningi neytendakaupalaganna. Þegar svo háttar til á neytandi rétt á ýmsum úrræðum samkvæmt ákvæðum 26. gr. laganna, þ. á m. að rifta kaupunum ef galli er verulegur, sbr. ákvæði 32. gr. Kæruneftndin lítur svo á að telja verði þann galla sem að framan er lýst verulegan og eigi álitsbeiðandi því rétt á að rifta kaupunum, þ.e. að skila söluhlutnum og fá kaupverð hans endurgreitt. Er þá miðað við að tækið sé í því ástandi sem það var við kaupin á því.

Álitsbeiðanda, A, er heimilt að rifta kaupunum á leikjatölvu, sem hann keypti hjá B og fá kaupverðið endurgreitt gegn skilum á tækinu í því ástandi sem það var í við kaupin.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir